



Kirkjubæjarklaustur 18. maí 2015

Umsögn f.h. Skaftárhrepps

693. mál frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir

3. gr. Byggðaáætlun

Taka ætti skýrt fram í 7.m.gr að samráð sé haft við sveitarfélög á svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun.

4. gr. Sóknaráætlanir landshluta

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að hver landshluti geri samning við ráðuneyti um fjárframlög sem heimamenn ráðstafa til framkvæmdar áætluninni. Ekki er hins vegar tiltekið í 4. gr. að fjármunir til landshlutasamtaka fylgi sóknaráætlun en mikilvægt er að það komi fram. Mikilvægt er að tryggja að fjármunir til sóknaráætlunar skerðist ekki þar sem svelt sóknaráætlun þjónar seint tilgangi sínum.